# *Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra*

*Þórunnarstræti 138, 600 Akureyri, kt: 670814-0410. Sími:444-2800.*


**Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra**
**gjörir kunnugt:**

Samkvæmt heimild í 34. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með samþykki Akureyrarkaupstaðar og að fenginni umsögn MSÍ, svo og að uppfylltum öðrum skilyrðum veitist hér með **KKA Akstursíþróttafélagi, kt. 420296-2319, Skipagötu 7, Akureyri,** leyfi til keppnishalds í akstursíþróttum sem fram fara sem hér segir: 23.03.2018 Sleðaspyrna, Hlíðarfjalli Akureyri, 24.3.2018 Snócross, Hlíðarfjalli Akureyri, 07.07.2018 Motocross, KKA-svæði Akureyri, 08.07.2018 Enduro, KKA-svæði Akureyri,

**Keppnisstaður er annarsvegar í Hlíðarfjalli og hinsvegar á akstursíþróttasvæði umsækjanda í Glerárhólum ofan Akureyrar.**

| | |
|---|---|
| **Ábyrgðarmaður:** | **Þorsteinn Hjaltason, kt. 010563-2169, Vættagili 24, Akureyri.** |
| **Keppnisstjórn:** | **Sigurður Rúnar Sigþórsson, kt. 291267-3359** |
| | **Jóhann Gunnar Hansen Arnarsson, kt. 180677-5859** |
| **Öryggisfulltrúi:** | **Guðmundur Hannesson, kt. 171169-5699** |
| | **Bjarki Sigurðsson, kt. 231192-3959** |

Leyfishafa ber að fara eftir ákvæðum um akstursíþróttir og aksturskeppnir, sbr. reglugerð nr. 507/2007 og verklagsreglum ríkislögreglustjóra um akstursíþróttir og aksturskeppnir, dags. 15. apríl 2008. **Leyfishafa ber m.a. að tryggja rækileg öryggi og aðstöðu áhorfenda og loka akstursleiðum fyrir allri annarri umferð.**

**Lögreglustjóra á Norðurlandi eystra er heimilt að stöðva akstur og afturkalla leyfi þetta án fyrirvara,** telji lögreglan að öryggi áhorfenda eða íbúa í nágrenninu sé áfátt eða skilyrði leyfisins teljast ekki lengur fyrir hendi, án bótaskyldu af hálfu ríkissjóðs.

**Leyfishafi sér um öryggisgæslu á staðnum í samráði við lögregluyfirvöld og skal leyfishafi hafa öryggisverði sem fylgjast með umferð og loka aðkomuleiðum að fyrirhugaðri keppnisbraut.**

Leyfishafa hefur verið gerð grein fyrir að brot á reglum þessum og fyrirmælum lögreglu um öryggisgæslu mun leiða til þess að hann mun ekki fá útgefið leyfi fyrir aksturskeppnum næstu tvö árin.

Verði tímasetningum á keppni breytt ber leyfishafa að tilkynna það Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
Akureyri, 21. mars 2018
f.h.

Agnes Björk Blöndal, ftr.

Lögreglustjórinn Norðurlandi eystra

**Leyfi**
handa KKA Akstursíþróttafélagi til að halda akstursíþróttakeppnir 23. og 24. mars 2018 og 7. og 8. júlí 2018.